

Björn Þ. Guðmundsson setuskiptaráðandi kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá skiptadómi.

Mánudaginn 18. desember 1972.

Nr. 164/1972. Landeigendafélag Laxár og Mývatns
 gegn
Laxárvirkjun og
Bjarna K. Bjarnasyni setudómara.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson
 og Einar Arnalds, prófessor Gaukur Jörundsson og Þórður
 Björnsson yfirsakadómari.

Kærumál. Krafa um, að setudómari víkji sæti, hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 6. desember 1972, sem barst Hæstarétti hinn 14. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, sem kveðinn var upp 29. nóvember 1972 á aukadómþingi Þingeyjarsýslu. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að setudómari, Bjarni K. Bjarnason, viki sæti matsmáli, en sóknaraðili hafði í máli þessu ásamt öðrum tilgreindum aðiljum beiðst dómkvaðningar þriggja yfirmatsmanna, eins og nánar er lýst í hinum kærða úrskurði.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og setudómara gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja Laxárvirkjunar. Varnaraðili Laxárvirkjun krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Krafa sóknaraðilja er engum lagarökum studd. Ber að

staðfesta úrskurð setudómara með skírskotun til forsendna.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja Laxárvirkjun kr. 10.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Landeigendafélag Laxár og Mývatns, greiði varnaraðilja Laxárvirkjun kr. 10.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Þingeyjarsýslu 29. nóvember 1972.

I.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dagsettu 23. september 1969, heimilaði atvinnumálaráðuneytið stjórn Laxárvirkjunar að framkvæma virkjun í Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar í Laxárdal, 1. áfanga Gljúfurversvirkjunar, 7 MV að afli, á grundvelli laga nr. 60/1965 um Laxárvirkjun. Leyfisveiting þessi vakti mótmæli héraðsbúa og deilur við stjórn Laxárvirkjunar, þar eð óttast var, að mikil spjöll mundu hljóta á jörðum í Laxárdal og veiði í Laxá af svo stórfelldri virkjun sem Gljúfurversvirkjun í framtíðinni, en sú virkjun væri ráðgerð í mörgum áföngum, sem byggðust á gerð þess 1. áfanga áætlunarinnar, sem leyfið heimilaði.

Landeigendur mynduðu með sér félag, Félag landeigenda á Laxárvæðinu, sem síðar var nefnt Landeigendafélag Laxár og Mývatns.

Hinn 30. maí 1970 krafðist félagið lögbanns við virkjunarframkvæmdunum, og var lögbannsmálinu beint gegn Laxárvirkjun.

Hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason sýslumaður, vék sæti í málinu. Var Magnús Thoroddsen borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með og dæma í lögbannsmálinu.

Hinn 4. ágúst 1970 kvað setudómariinn upp úrskurð þess efnis, að krafa Félags landeigenda á Laxárvæðinu um lögbann var ekki tekin til greina.

Félagið skaut málinu til Hæstaréttar, sem hinn 15. desember 1970 kvað upp dóm í málinu. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a. svo:

„Af gögnum málsins og málflutningi aðilja verður ráðið, að ákvörðun um framkvæmd fyrsta áfanga svonefndrar Gljúfurversvirkjunar, er í málinu greinir, hefur ekki verið kynnt landeigendum við Laxá né öðrum þeim, er kunna að eiga hagsmuni í húfi, á þann hátt, sem segir í c lið 1. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Hefur þessum aðiljum ekki, svo að viðhlítandi sé, verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna vegna fyrrgreindra framkvæmda. Af þessum sökum verður eigi talið, að gagnáfrýjandi Laxárvirkjun hafi sýnt ótvírætt fram á, að nefndur áfangi greindrar virkjunar hrófli ekki svo við rennsli Laxár, að bótaskyld tjón hljóti af. Ber að meta og bæta slíkt tjón eða setja tryggingu fyrir bótum í samræmi við nánari reglur í XV. og XVI. kafla vatnalaga nr. 15/1923, áður en rennsli Laxár er breytt með þeim hætti, sem virkjun árinna í nefndum fyrsta áfanga hefur í för með sér. Af þessum ástæðum ber að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda að því leyti, sem krafizt er lögbanns við því, að breytt sé rennsli Laxár, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni. Ber fúgetadómi því að leggja á lögbann að þessu leyti gegn tryggingu af hálfu aðaláfrýjanda, sem fúgetadómur metur gilda. Hins vegar verður ekki fallizt á, eins og á stendur, að rök séu til að leggja að öðru leyti lögbann við framkvæmdum þeim, sem nú eru hafnar við Laxá á umráðasvæði gagnáfrýjanda Laxárvirkjunar.“

Setudómarinn Magnús Thoroddsen kvað hinn 18. janúar 1971 upp úrskurð um fjárhæð lögbannstryggingarinnar. Landeigendaflag Laxár og Mývatns vildi ekki una þeim úrskurði og skaut málinu aftur til Hæstaréttar, sem hinn 11. maí 1971 kvað upp dóm um lögbannstrygginguna. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir m. a.:

„Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja fyrir Hæstarétti bendir ekkert til þess, að stefndi hefji fyrr en haustið 1972 framkvæmdir þær, sem áfrýjanda var heimilað að fá lagt lögbann við með dómi Hæstaréttar frá 15. desember 1970. Hefur stefndi þannig enn nokkurt svigrúm til þess að fá úr því skorið í samræmi við ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, hvort og þá hverjar bótagreiðslur honum beri að tryggja eða inna af hendi, áður en hann ræðst í framkvæmdir þessar. Þegar þetta er virt og önnur atriði, er hér skipta máli, þá þykir trygging sú, sem áfrýjanda ber að setja samkvæmt fortakslausum ákvæðum 12. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949 hæfilega ákveðin tíu milljónir króna og sé hún peninga- eða bankatrygging.“

Hinn 16. júní 1971 lagði Magnús Thoroddsen setudómari í ofangreindu lögbannsmáli lögbann við því, að breytt yrði rennsli Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni.

Með stefnu, birtri 25. júlí 1971, höfðaði Landeigendafélag Laxár og Mývatns mál á aukadómþingi Þingeyjarsýslu til staðfestingar lögbanninu, mál nr. 14/1971. Sýslumaður Þingeyjarsýslu vék einnig sæti í þessu staðfestingarmáli, og var Magnús Thoroddsen skipaður setudómari til þess að dæma málið. Setudómarinn sameinaði staðfestingarmálið máli nr. 7/1970, sem Félag landeigenda á Laxárvæðinu höfðaði gegn Laxárvirkjun með stefnu, birtri 25. júlí 1970, en stefnukröfur í síðastgreinda málinu voru m. a., „að staðfest verði með dómi, að framkvæmdir þær, sem Laxárvirkjun er að hefja til virkjunar Laxár við Brúar í Aðaldælahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, brjóti í bág við íslensk lög og séu óheimilar.“ Eftir sameininguna er umrætt mál nr. 7/1970 rekið undir nafninu: Landeigendafélag Laxár og Mývatns gegn Laxárvirkjun.

Hinn 13. júlí 1971 ritaði stjórn Laxárvirkjun beiðni til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um dómkvaðningu tveggja matsmanna „til að meta, hvort og þá hverjar breytingar kunna að verða á rennsli Laxár, vatnsbotni hennar, straumstefnu eða vatnsmagni við virkjunarframkvæmdir þær, sem nú er unnið að, og ef til kemur meta tjón eða tryggingarupphæð, sem virkjunin kunni að þurfa að setja.“

Hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason sýslumaður, vék sæti í matsmáli þessu, aukadómþingsmálinu nr. 31/1971.

Hinn 20. september 1971 var Bjarni K. Bjarnason borgardómari skipaður setudómari í Þingeyjarsýslu til að fara með aukadómþingsmálið nr. 31/1971. Hinn 18. janúar 1972 dómkvaddi hann þá dr. Jakob Magnússon fiskifræðing og dr. Óttar P. Halldórsson verkfræðing til að vera matsmenn í ofangreindu máli. Matsmenn skiluðu matsgerð, sem dagsett er 31. ágúst 1972. Var matsgerðin lögð fram í áðurgreindu aukadómþingsmáli nr. 7/1970, sem setudómarinn Magnús Thoroddsen fer með, svo sem fyrr var lýst, og staðfestu matsmenn matsgerðina þar fyrir dómi.

Landeigendafélag Laxár og Mývatns, Veiðifélag Laxár, Veiðifélag Laxár og Krákár og Veiðifélag Mývatns, sem voru aðiljar að matsmálinu, vildu ekki una matsgerðinni, og hinn 4. október 1972 ritaði lögmaður þeirra svohljóðandi bréf til sýslumanns Þingeyjarsýslu:

„Mér hefur borizt í hendur matsgerð þeirra Óttars P. Halldórssonar og Jakobs Magnússonar um, hversu miklu tjóni virkja un sú, sem nú er í smíðum, valdi á Laxá í S-Þingeyjarsýslu og umhverfi hennar.

Umbjóðendur mínir, sem aðilar voru að matsmáli nr. 31/1971 á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, þ. e. Landeigendafélag Laxár og Mývatns, Veidifélag Laxár, Veidifélag Laxár og Krakár og Veidifélag Mývatns, vilja ekki una niðurstöðum nefndra matsmanna, sem raktar eru í matsgerð þeirra, dagsettri 31. ágúst 1972. Telja þeir því ekki annað vera fyrir hendi en að skjóta matsgerðinni til yfirmats, sbr. 148. gr. laga nr. 15/1923 um vatnamál. Í þeirri grein segir, að mati megi skjóta til yfirmats 3 manna innan 6 vikna frá lokum matsgerðar.

Af þessum sökum leyfi ég mér því að fara þess á leit við yður, herra sýslumaður, að þér dómkveðjið 3 yfirmatsmenn til að endurskoða matsgerðina frá 31. ágúst s.l.“

Með úrskurði, uppkveðnum 26. október 1972, vék hinn reglulegi dómari, Jóhann Skaptason, sýslumaður í Þingeljárýslu, sæti í málinu, sem er aukadómþingsmál Þingeyjarsýslu nr. 30/1972.

Hinn 3. þ. m. var Bjarni K. Bjarnason borgardómari skipaður til þess sem setudómari í Þingeyjarsýslu að fara með málið. Var þingað í málinu 20., 21. og 23. þ. m., en síðastgreindan dag fékk lögmaður yfirmatsbeiðenda bókað:

„Fyrirsvarsmaður umbjóðanda míns Landeigendafélags Laxár og Mývatns, Hermóður Guðmundsson, gerir kröfu til þess, að dómari máls þess, sem hér liggur fyrir, víki sæti. Það hefur verið álit stjórnar Landeigendafélags Laxár og Mývatns, að mjög óheppilegt sé, að sami maður taki á sig dómaraábyrgð í mörgum málum, sem varða hagsmuni fólksins við Laxá og Mývatn, þar sem hér er um gífurlega hagsmuni að ræða, lífshagsmuni heilla byggðarlaga. Hermóður Guðmundsson hefur einnig ásamt öðrum stjórnarmönnum í Landeigendafélagi Laxár og Mývatns verið þeirrar skoðunar, að þar sem dómari þessa máls hefur kveðið upp úrskurði í fyrri Laxármálum, hafi hann ekki komizt hjá því að taka afstöðu í Laxármálum í heild. Hann hafi þar með gert upp á milli málsaðila. Laxármálin verði að skoða sem eina heild og yfirlýsingar dómara í einu máli eða úrskurður hljóti því beinlínis eða óbeinlínis að binda hann, þegar hann kveður upp úrskurði síðar í Laxármálum. Þess vegna er þess krafizt, að dómari máls þessa víki sæti.“

Var framangreind krafa Landeigendfélags Laxár og Mývatns þegar tekin til úrskurðar.

II.

Það er að vísu svo, að auk þess að vera setudómari í máli því, sem er hér til úrskurðar, og áðurgreindu aukadómþingsmáli nr. 31/1971, sem nú er lokið, er setudómarinn Bjarni K. Bjarnason jafnframt setudómari í 22 aukadómþingsmálum Þingeyjar-sýslu. Stefnendur í þremur af þessum málum eru Veðifélag Laxár og Krákár, Veðifélag Mývatns og Veðifélag Laxár. Í hinum 19 eru stefnendur ýmist eigendur og/eða ábúendur á jörðum við Laxá og Mývatn. Í öllum málunum er Laxárvirkjun varnar-aðili. Stefnufjárhæðir í öllum 22 málunum nema samtals kr. 144.958.846.00. Er af þessu ljóst, að í málum þessum er fjallað um háar fjárhæðir, og að áliti stefnenda er hér einnig fjallað um mikilsverð hlunnindi og náttúrufyrirbæri, sem miklu máli skipti að vernda í framtíðinni.

Enda þótt ofangreind dómsmál fjalli um mikilsverða hagsmuni, er setudómaranum óskýlt að víkja sæti í máli því, sem hér er til úrskurðar. Má í því efni minna á, að hér er fjallað um dóm-kvaðningu þriggja yfirmatsmanna til þess að framkvæma yfir-mat, sem ætla verður að leggja eigi fram í áðurgreindu auka-dómþingsmáli nr. 7/1970, en annar setudómari fer með það mál, svo sem fyrr er frá greint.

Eigi verður á það fallið, að úrskurðir þeir, sem setudómarinn hefur þegar kveðið upp í öðrum Laxárvirkjunarmálum, séu með þeim hætti, að hann hafi þar með tekið afstöðu í Laxármálum í heild eða að hann hafi þar með gert upp á milli málsaðilja.

Samkvæmt þessu, sem nú hefur verið rakið, eru ekki efni til að taka ofangreinda kröfu Landeigendafélags Laxár og Mývatns til greina.

Bjarni K. Bjarnason setudómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framkomin krafa þess efnis, að setudómarinn Bjarni K. Bjarnason víki úr dómarasæti í máli þessu, er ekki tekin til greina.